

Lög Íþróttafélagsins Hamars

1. kafli - Um Íþróttafélagið Hamar

1. grein

Félagið heitir Íþróttafélagið Hamar. Heimili og varnarþing félagsins er í Hveragerði.

2. grein

Merki félagsins er:



3. grein

Keppnisbúningur og æfingabúningur félagsins skal vera í bláum og hvítum aðallitum með hvítri áletrun og merki félagsins í vinstri barmi. Hverri deild innan félagsins er heimilt að útfæra ofangreinda aðalliti á keppnisbúningum að eigin vild, en þó fá staðfestingu aðalstjórnar. Heimilt er hverri deild að setja á aðra búninga en keppnisbúninga, táknerki viðkomandi deildar og stofnár.

2. kafli - Markmið Íþróttafélagsins Hamars

4. gr. grein

Markmið félagsins eru:

- Að efla áhuga á íþróttaiðkun, líkamsrækt og heilbrigðu lífni.
- Að standa fyrir öflugum og faglegum íþrótt- og félagsstarfi, sérstaklega meðal barna og unglinga
- Að efla keppnis- og afreksíþróttir.
- Að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og vímuefna.
- Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands með kjörorðunum „ÍSLANDI ALLT“.

5. grein

Íþróttafélagið Hamar er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sem er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ungmennafélagi Íslands(UMFÍ). Skal Íþróttafélagið Hamar starfa í anda laga og reglna þessara aðildarsambanda.

3. kafli – Félagar

6. grein

Félagið er myndað af einstaklingum sem mynda deildir um iðkun viðurkenndar íþróttagreinar eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum ungmenna- og íþróttafélagshreyfingarinnar og hafa sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda.

Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og greiðir árgjald. Heimilt er að skrá sig í eiri en eina deild. Hægt er að gerast félagi í Íþróttafélaginu Hamri án þess að ganga í deild innan félagsins og skulu þeir einstaklingar heyra undir aðalstjórn.

Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins.

Aðalstjórn er heimilt að víkja félagi úr félaginu ha hann brotið gegn lögum félagsins eða álíti hún framkomu hans eða gjörðir að öðru leyti vítaverðar.

7. grein

Heimilt er að afla styrktarféлага sem hafa öll sömu réttindi og aðrir félagar. Ákveða skal félagsgjald styrktarféлага til deilda á aðalfundi viðkomandi deildar en til aðalstjórnar á aðalfundi Íþróttafélagsins Hamars.

8. grein

Íþróttafélagið Hamar hefur heimild til að innheimta árgjald féлага. Skal það vera sama hjá öllum deildum og ákveðið á aðalfundi félagsins.

4. kafli – Deildir

9. grein

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttagreinum skv. skilgreiningu ÍSí eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþrótt- og ungmennafélaganna. Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Til þess að deild teljist starfhæf skulu að jafnaði a.m.k. 10 félagar skráðir í deildina. Skráin skal staðfest á aðalfundi.

Komi fram skrifleg umsókn frá amk. 10 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal erindið sent til afgreiðslu aðalstjórnar sem ræður niðurstöðu umsóknar.

10. grein

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem og allt að fjórum meðstjórnendum en endanleg tala ákvarðast af fjölda framboða á aðalfundum deilda. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi og deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skylt er að halda stjórnarfundum reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundum og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórnar.

Heimilt er að stofna barna- og unglíngaráð innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglíngum. Unglíngaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglíngaráðs. Halda skal fjárhag unglíngaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 12. greinar laga þessara. Gjaldkeri framkvæmdastjórnar skal hafa skoðunaraðgang að fjárreiðum deilda, bókhaldi þeirra og bankareikningum.

11. grein

Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt féлага- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum UMFÍ og ÍSÍ. Hver deild skal skila aðalstjórn félagatali sínu fyrir 30 janúar ár hvert.

Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Hverri deild er skylt að leita samþykkis framkvæmdastjórnar ef hún hyggur á lántökur til reksturs deildar í lengri eða skemmri tíma. Hver deild safnar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

- Árgjöldum deildar.
- Æfingagjöldum.
- Styrktarfélagsgjöldum.
- Ágóða af íþróttamótum viðkomandi deildar.
- Lottótekjum skv. skiptareglum og öðru fjármagni til skipta.
- Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

12. grein

Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 15. febrúar fyrir liðið starfsár. Atkvæðisrétt á aðalfundi deilda hafa allir félagar/iðkendur deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll gjöld sem ákveðin eru hverju sinni af félaginu. Kjörgengnir eru aðeins félagar deildarinnar sem hafa náð 16 ára aldri.

Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu á algengum samskiptamiðlum deilda og félagsmanna og á heimasíðu félagsins. Er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

1. Formaður deildarinnar setur fundinn.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar
4. Gjaldkeri leggur fram og útskýrir ársreikninga sem síðan eru bornir undir atkvæði.
5. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
6. Stjórnarkjör: a. Kosinn formaður. b. Kosinn gjaldkeri c. Kosnir meðstjórnendur
7. Önnur mál

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

13. grein

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Sé deild lögð niður eða starfsemi leggst af varanlega eða tímabundið, skal framkvæmdastjórn fara með vald deildarinnar og fjármuni.

5. kafli – Aðalfundur Íþróttafélagsins Hamars

14. grein

Aðalfundur Íþróttafélagsins Hamars fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum, á viðurkenndum auglýsingastöðum og heimasíðu félagsins.

Boða skal aðalfund með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn.

Skriflegu framboði til starfa í framkvæmdastjórn, þ.e. formanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda skal skila til skrifstofu félagsins, á netfangið hamarsport@hamarsport.is að lágmarki 10 dögum fyrir boðaðan aðalfund.

Ritari skal vera varaformaður og sinna störfum formanns í fjarveru hans.

Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd, ef þurfa þykir, með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til skrifstofu félagsins, á netfangið hamarsport@hamarsport.is, eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skal tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess.

Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs. Einnig skal liggja fyrir í ársskýrslu félagsins ársskýrsla og fjárhagsyfirlit hverrar deildar. Hafi deild ekki haldið aðalfund eða ársreikningar deildar ásamt fjárhagsáætlun eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missir viðkomandi deild rétt til úthlutunar úr sameiginlegum sjóðum félagsins.

Dagskrá aðalfundar Íþróttafélagsins Hamars skal vera sem hér segir:

1. Formaður setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
5. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.
6. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
7. Ávörp gesta.

8. Verðlaunaafhending og lýst kjöri íþróttamanns Íþróttafélagsins Hamars.
9. Kaffihlé
10. Umræður og afgreiðsla tillagna
11. Lagabreytingar.
12. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.
13. Stjórnarkjör:
 - Kosinn formaður
 - Kosinn gjaldkeri.
 - Kosinn ritari
 - Kosnir þrír meðstjórnendur
14. Kosnir tveir skoðunarmenn.
15. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.

14.a grein

Aukaaðalfund félagsins skal halda ef aðalstjórn álitur þess þörf eða ef 1/4 atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi félagsins krefjast þess með sannanlegum hætti og greina frá fundarefni.

Aukaaðalfund skal halda ef stjórnarmaður segir sig úr framkvæmdastjórn eða félagið verði án fullskipaðrar framkvæmdastjórnar. Fundarefni á fundi samkvæmt þessari málsgrein er kosning stjórnarmanns eða manna í stað þess eða þeirra sem fara úr stjórn. Aukaaðalfundur er lögmaður sé til hans boðað skv. 1. mgr. 14. gr. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Þó skulu lagabreytingar ekki ákveðnar á aukaaðalfundi og stjórnarkjör skal ekki fara fram nema boðað sé til fundarins á grundvelli 2. mgr.

15. grein

Á aðalfundi og auka aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa um efstu valkosti að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

16. grein

Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.

6. kafli – Aðalstjórn og framkvæmdastjórn

17. grein

Framkvæmdastjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur sem kjósa skal á aðalfundi félagsins ár hvert og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda. Árlegur aðalfundur kýs formann og fjóra stjórnarmenn í framkvæmdastjórn til tveggja ára í senn. Formaður og tveir stjórnarmenn eru kosnir á ári með oddatölu og tveir stjórnarmenn á ári með sléttri tölu. Stjórnarmaður sem kosinn er á aukaaðalfundi, m.v.t. 2. mgr. 14. gr a., starfar út kjörtímabil þess sem fór úr stjórn.

18. grein

Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í forföllum formanns, skipa aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars. Aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda og skal að jafnaði funda ársfjórðungslega. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Til fyrsta fundar aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins þar sem leggja skal fram starfsáætlun fyrir allt árið og tímasetja fundi aðalstjórnar. Óski stjórn deildar í félaginu eftir fundi í aðalstjórn skal boða til hans innan viku. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnarfundi.

19. grein

Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir.

Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Heimilt er aðalstjórn og framkvæmdastjórn félagsins að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

7. kafli – Heiðursviðurkenningar

20. grein

Aðalfundur getur kosið heiðursfélaga Íþróttafélagsins Hamars hvern þann sem unnið hefur afbragðs starf í þágu félagsins og er það æðsti heiður sem félagið veitir. Til kosningar heiðursfélaga þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Jafnframt hefur stjórn Hamars heimild til að veita féлага í Hamri gullmerki Hamars. Skal það gert á aðalfundi Hamars eða við önnur hátíðleg tilefni.

21. grein

Deildir innan félagsins velja íþróttamann sinnar deildar ár hvert, setja reglur þar um og veita verðlaun. Aðalstjórn félagsins kýs leynilegri kosningu íþróttamann Íþróttafélagsins Hamars. Hlýtur hann til varðveislu farandgrip í eitt ár og að auki staðfestingargrip til eignar.

8. kafli – Slit Íþróttafélagsins Hamars

22. grein

Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar bæjarstjórn Hveragerðis til varðveislu.

Félaginu má slíta að fengnu samþykki 4/5 þeirra sem atkvæði greiða á fundi sem boðað er til sérstaklega í þessu skyni. Skal fundarefnis getið í auglýsingu. Boðun fundarins skal vera í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14a. gr. Verði félaginu slitið skulu eignir þess ganga til Hveragerðisbæjar til varðveislu og afhendist síðar félagi sem stofnað yrði með hliðstæðum markmiðum.

9. kafli – Lagabreytingar og gildistaka

23. grein

Lögum þessum má eingöngu breyta á lögmætum aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær vera undirritaðar af flutningsmönnum. Framkvæmdastjórn skal senda stjórnnum deilda tillögur til lagabreytinga til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er, ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, að taka til umræðu á aðalfundi fyrirleggjanda tillögur til lagabreytinga ef þær bárust með lögmætum hætti.

24. grein

Lög þessi öðlast gildi, þegar Aðalfundur Hamars, stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins og framkvæmdastjórn ÍSÍ hafa staðfest þau og eru þá jafnframt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

Staðfest á aðalfundi Hamars 11.mars 2026

Stjórnarmenn:

Þorsteinn T Ragnarsson

Jónas Guðnason

Dagrún Ösp Össurardóttir

Ágúst Logi Valgeirsson

Eva Harðadóttir